Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-11-13 09:16:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2026-11-13 09:47:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
Ísafjörður 400
Ísland

13. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3450

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8. október 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Arctic Sea Farm ehf., Dýrafirði þann 17. ágúst 2026. Þann 28. október 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

5 frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 17.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirlitið er ófullnægjandi og þarf að skila aftur inn.*	**Opið**
Tillögur rekstraraðila:	Uppfærðu ársyfirliti verður skilað til Umhverfis- og orkustofnunar í síðasta lagi 11. desember 2026.	
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 25.8.2025 Spilliefni skulu geymd á öruggan hátt. *Olíutunnur voru ekki geymdar í lekabyttum á fóðurprömmum við Eyrarhlíð I og Eyrahlíð II, einnig voru efni geymd á gólfinu*	**Opið**

	án mengunarvarna í Eyrarhlíð II. Rekstraraðili ætlaði að ljúka uppsetningu á lekabyttum á fyrsta ársfjórðungi 2026.	
Tillögur rekstraraðila:	Lekabyttur verða settar undir öll hættuleg efni á fóðurpramma við Eyrarhlíð og myndir því til staðfestingar verða sendar til Umhverfis- og orkustofnunar í síðasta lagi 11. desember 2026.	
gr. 3.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 17.8.2026 Tilkynna þarf Umhverfis- og orkustofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. *Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða í Eyrarhlíð 2 með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Tilkynning barst eftirlitsaðila 29. júlí 2026 en áætluð útsetning var 31. júlí 2026. Í eftirliti 18. ágúst 2026 kom fram að rekstraraðili hefur breytt verklagi sínu vegna tilkynninga um útsetningu seiða.*	**Lokað**
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 17.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirliti fyrir árið 2025 var skilað þann 1. júni 2026.*	**Lokað**
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 17.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað þann 1. júni 2026.*	**Lokað**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits